

Sp.

65. Tillaga til þingsályktunar

[59. mál]

um þátttöku ungs fólks í atvinnulífínu.

Flm.: Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við stofnanir atvinnuveganna, þar á meðal stofnlánasjóði, að kanna með hvaða hætti unnt sé að örva þátttöku ungs fólks í atvinnulífínu.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hafa átt sér stað umræður um skiptingu þjóðarinnar í starfs-greinar. Þar hafa m. a. komið fram áhyggjur manna vegna síaukinnar hlutdeildar þjónustugreinanna í vinnuaflí þjóðfélagsins og þá á kostnað atvinnuveganna. Aftur á móti hefur minna verið rætt um, með hvaða hætti helst sé unnt að stöðva þessa þróun, þannig að áhugaverðara sé að taka sér fyrir hendur verkefni í atvinnulífínu.

Í þeim efnum þarf að mörgu að hyggja og ekkert eitt ráð einhlítt til að breyta straumnum. Hins vegar hlýtur að vera óumdeilanlegt, að áform æskufólksins séu þar þung á metum, og þess vegna er mikilvægt að aðstæður í þjóðfélaginu séu með þeim hætti, er geri fólki kleift að takast á við þau viðfangsefni í atvinnulífínu, er hugur þess stendur til að loknu námi í sérskólum atvinnuveganna.

Ekki má gleyma því, að þótt á brattann hafi verið að sækja fyrir æsku landsins við atvinnuuppbyggingu hefur víða náðst góður árangur. Má þar m. a. nefna bændur, er byrjað hafa búskap á unga aldri, iðnaðarmenn, sem stofnað hafa til iðnrekstrar í þeim iðngreinum er þeir hafa numið, að ógleymdum skipsstjórnar-mönnum, sem að loknum prófum hafa tekið sér fyrir hendur útgerð fiskiskipa. En á hitt ber líka að líta og leggja áherslu á, að frumbýlingsárin hafa orðið mörgum erfið og sett ærinn svip á lífsferil sumra ungra manna.

Augljóst er að við lok skólagöngu og þá oft um svipað leyti og stofnun heimilis á sér stað, sem út af fyrir sig er ærið viðfangsefni, eru ákveðnir erfiðleikar á að hefjast handa í atvinnurekstri. Þess vegna þarf að koma til sérstakur stuðningur af hendi hins opinbera, enda eðlilegt að nokkurs jafnræðis gæti milli þess æskufólks, sem tekur sér fyrir hendur framhaldsnám, og hins, er fer til starfa í atvinnulífi þjóðarinnar.